

Velkomin í leikskólann Arnarsmára



Leikskólastjóri: Brynja Björk Kristjánsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Rannveig Jónsdóttir

Sérkennslustjóri: Hrafnhildur Steinþórsdóttir

Deildarstjóri á Engi: Tanja Gunnarsdóttir

Deildarstjóri á Bakka: Elín Ingvarsdóttir

Deildarstjóri á Brekku: Sigríður Guðjónsdóttir

Deildarstjóri á Akri: Guðný Þórisdóttir

Deildarstjóri á Gulldeild: Hrönn Steinsdóttir

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál og helst þagnarskylda þó látið sé af starfi.



Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla bæði fyrir börn og foreldra/forráðamenn. Mikilvægt er að staðið sé vel að aðlögun frá upphafi til að gera leikskólagöngu barnsins sem ánægjulegasta. Forráðamenn nýrra barna fá fund með leikskólastjóra þar sem þeir skoða leikskólann, fræðast um starfsemi hans og gera dvalarsamning. Aðlögun tekur um eina viku. Barnið fær hólf í fataherberginu til þess að geyma útifötin sín og skúffu inni á deild fyrir persónulega muni og listaverk sem það mun skapa í framtíðinni. Deildarstjóri boðar forráðamenn barnsins í viðtal nokkrum vikum eftir að aðlögun er lokið og barnið hefur öðlast öryggi og festu í leikskólanum.


Dagur 1. Barnið og forráðamaður þess mætir kl. 10:00 og eru í u.þ.b.eina klst.

Dagur 2. Barnið mætir samkvæmt sínum dvalartíma og er ásamt forráðamanni sínum til kl. 11:00.

Dagur 3. Barnið mætir samkvæmt sínum dvalartíma. Forráðamaður sækir barnið þegar það hefur borðað hádegismat.

Dagur 4. Barnið mætir samkvæmt sínum dvalartíma og er sótt kl. 14:00.

Dagur 5. Barnið er allan dvalartímann sinn ef allt hefur gengið vel.




Ekki er æskilegt að yngstu börnin séu með tíma fyrir kl. 8 og eftir kl. 16 fyrstu vikurnar.



- Mikilvægt er að virða dvalartíma barnsins því vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til hans. Ef óskað er eftir breytingu á dvalartíma er sótt um það í þjónustugátt Kópavogsbæjar.
- Kennarar leggja áherslu á að taka vel á móti hverju barni þegar komið er í leikskólann. Það er nauðsynlegt að forráðamenn láti kennara vita þegar komið er með barnið og þegar það er sótt. Ætlast er til að barninu sé fylgt inn á deild. Ekki er æskilegt að senda börn undir 12 ára aldri að sækja leikskólabarnið.
- Hliðin í garðinum eiga alltaf að vera lokað öryggisins vegna og er það á ábyrgð allra. Börnin eiga aldrei að opna hliðin.
- Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og hæfi veðri. Nauðsynlegt er að merkja fatnað barnanna svo að hann tynist síður. Hverju hólfi fylgir fatakassi þar sem aukaföt barnsins eru geymd. Forráðamenn tæma hólfin á föstudögum. Sökum plássleysis á ekki að skilja töskur barnanna eftir í leikskólanum.
- Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman sem og blautpurkur.




- ✓ Þau föt sem eiga að vera í **hólfinu** eru: Kuldagalli, pollagalli, úlpa, húfa, stígvél, kuldaskór, hlý



peysa, strigaskór, vettlingar og ullarsokkar.

- ✓ Fötin sem eiga að vera í **fatakassanum** eru: Nærföt, sokkar, sokkabuxur, bolur, peysa og buxur. Einnig marginota poki sem notaður er fyrir blaut föt.



Daglegt líf í leikskóla

Leikskólinn Arnarsmári er opinn fimm deilda leikskóli fyrir eins til sex ára börn. Deildirnar heita Engi, Bakki, Brekka, Akur og Gulldeild og hver árgangur hefur sitt nafn.

- **Grjón**; eins til tveggja ára börn eru á **Engi** og **Bakka**.
- **Gormar**; tveggja til þriggja ára börn eru á **Engi** og **Bakka**.
- **Grallarar**; þriggja til fjögurra ára börn eru á **Brekku** og **Akri**.
- **Garpar**; fjögurra til fimm ára börn eru á **Brekku** og **Akri**.
- **Gullmolar**; fimm til sex ára börn eru á **Gulldeild**.



Deildirnar samnýta þrjú svæði í skólanum:

Í Leiksmiðju er boðið upp á hlutverkaleiki af ýmsu tagi.



Í Holukubbum fara fram byggingaleikir og oft er boðið upp á auka efnivið.



Í Listasmíðju er boðið upp á skapandi starf af ýmsum toga, bæði skipulagt og frjálst.



Dagskipulag

Það veitir börnunum mikið öryggi að hafa fastan ramma og vita hvernig dagurinn gengur fyrir sig.

07:30 Leikskólinn er opnaður,
frjáls leikur



08:15-08:40 Morgunverður



09:00 Vínafundur



09:20 Frjáls leikur, val*,
útivera/útinám



11:00 Söngstund yngri/
11:45 Söngstund eldri



11:15 Matur yngri/
12:10 Matur eldri



11:50 Hvíld yngri/
12:40 Hvíld eldri



12:40 Útivera yngri/
13:10 Útivera eldri



14:15 Síðdegishressing yngri/
14:50 Kaffiflæði eldri



15:30-16:30 Frjáls leikur,
hópvinna, val* og útivera



16:30 Leikskólanum er lokað



*Val: Börnin ákveða með kennurunum sínum hvaða viðfangsefni eru í boði hverju sinni.

Útivera/Útinám

Daglega er mikil útivera í Arnarsmára. Hún býður upp á góða hreyfingu, er börnum holl og eykur hreysti og mótstöðuafli. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms; allt sem hægt er að læra inni er einnig hægt að læra úti. Börnin komast í meiri tengsl við náttúruna og læra að bera virðingu fyrir umhverfinu. Útinámið tengist gjarnan því námsefni/þema sem verið er að vinna með í skólanum hverju sinni. Öll börn í Arnarsmára fara a.m.k. í eina vettvangsferð í viku. Börnin læra umferðarreglurnar í ferðunum og klæðast endurskinsvesti sem eykur öryggi þeirra í umferðinni.




Leiðarljós Arnarsmára

Í Arnarsmára er lögð áhersla á styrkleika og hæfni barnanna. Þau eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfinu mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja. Unnið er eftir uppeldisstefnu sem nefnist *Uppbygging sjálfsgaga-Uppeldi til ábyrgðar*, sem miðar að því að kenna börnunum sjálfstjórn og sjálfsgaga.



Frumkvæði, vinátta og gleði eru einkunnarorð leikskólans Arnarsmára. *Frumkvæði* ýtir undir skapandi hugsun og gerir börnunum kleift að leita sjálf lausna í þeim verkefnum sem þau fást við hverju sinni. Það hjálpar þeim að leysa sjálf deilur á jákvæðan hátt. *Vinátta*, samkennd, góð samskipti, samhjálp og samvinna eru þættir sem ýtt er undir og lögð er áhersla á. *Gleði* er þriðja einkunnarorð skólans. Börn eru í eðli sínu glöð. Með áherslu á frumkvæði og vináttu, skýrar reglur og aga er skapað öruggt umhverfi, sem eykur vellíðan og ánægju einstaklingsins og hópsins í heild. Í tengslum við einkunnarorð skólans er lögð áhersla á iðkun **dyggða**. Unnið er sérstaklega með hverja dyggð u.þ.b. sex vikur í senn þar sem börn og kennarar tileinka sér þær. Þau ræða saman um dyggðirnar, syngja lög og lesa bækur sem tengjast þeim. Í desember er bætt við góðverkum samhliða heiðarleika þar sem börn og kennarar gera góðverk.



Pema

Pemavinna felst í því að unnið er að ákveðnu viðfangsefni í lengri eða skemmri tíma og fléttast inn í allt starf skólans.

Í Arnarsmára er árinu skipt upp í þematímabil:



Sept. – okt. Náttúran, haustið og litirnir

Okt. – nóv. Ég sjálfur og fjölskyldan

Desember Jólin

Jan. – mars Samfélagið fyrr og nú

Mars – maí Náttúran, vorið og húsdýrin



Leikurinn

Í Arnarsmára er frjáls sjálfsprottinn leikur kjarninn í öllu starfi og er honum gefinn góður tími. Leikurinn er kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Lögð er áhersla á opinn efnivið sem ýtir undir ímyndunarafli barnanna, þ.e. skapandi leikefni sem gefur ekki aðeins eina lausn.



Sambætting

Í Arnarsmára ríkir samvinna á milli deilda og sambætting námssviða er mjög markviss. Börnin læra að starfa í hóp að sameiginlegu markmiði, þau öðlast samkennd og mynda vináttutengsl. Þau læra að hjálpa hvert öðru og bera virðingu fyrir skoðunum annarra.



Grænfáninn

Arnarsmári er Grænfánaskóli og leggur mikla áherslu á endurnýtingu, endurvinnslu og umhverfisvernd. „Við berum öll virðingu fyrir náttúrunni og sýnum það í verki.“ (Umhverfissáttmáli Arnarsmára).



Hefðir

Ýmsar hefðir hafa skapast í Arnarsmára í gegnum tíðina:

Arnarsmári á iði: Nánasta umhverfi leikskólans nýtt til alls kyns hreyfingar úti við.

Uppskeruhátíð: Farið í skrudgöngu um garðinn og teknar upp kartöflur sem eru borðaðar í hádeginu.



Stærðfræðidagurinn mikli er tvisvar á ári þar sem börnin vinna markvisst að stærðfræðitengdum verkefnum.

Stóri læsisdagurinn er einu sinni á hvorri önn þar sem börnin vinna markvisst að læsistengdum verkefnum.

Leynivinavika barna: Grallarar, Garpar og Gullmolar draga sér leynivin sem þau eru sérstaklega góð við.



Síðdegishressing fyrir forráðamenn: Börnin á yngri og eldri deildum skiptast á að bjóða foreldrum/forráðamönnum að borða með sér síðdegishressingu einu sinni að hausti.

Dagur íslenskrar tungu: Rætt er um mikilvægi íslenskrar tungu, sungið og kennarar sýna leikrit.

Fullveldisdagurinn: Öll börnin borða saman hangikjöt í hádeginu í fánaskreyttum sal.

Aðventustundir eru haldnar alla mánudaga á aðventu. Kveikt er á kertunum á aðventukransinum, rætt um góðverk, sungið saman o.fl. Eldri borgurum úr Gullsmára er boðið í eina af þessum stundum og forráðamönnum í aðra, sem haldin er utandyra.

Grasagarður: Í desember fara Garpar í Grasagarðinn.

Sívertsenhús: Í desember fara Gullmolar í Sívertsenhús.



Jólaball: Þegar líða fer á desember er haldið jólaball þar sem jólasveinarnir kíkja í heimsókn.



Afmæli leikskólans: Haldið er upp á afmæli skólans 7. janúar.

Bóndadagur: Börnin bjóða þöbbum sínum og öfum í morgunverð.

Dagur leikskólans: Forráðamönnum og öðrum gestum er boðið að koma í leikskólann að fylgjast með starfinu.



Konudagur: Börnin bjóða mömmum sínum og ömmum í morgunverð.

Bolludagur: Börnin fá fiskibollur í hádegismatinn og rjómbollur í síðdegishressingunni.

Sprennidagur: Kennararnir sýna leikrit og í hádegismatinn er saltkjöt og baunir.



Öskudagur: Haldið er öskudagsball og þá er dansað, sungið og „kötturinn“ sleginn úr tunnunni.

Listavika: Börnin vinna ýmis skapandi verkefni tengd vináttunni og Uppbyggingarstefnunni.

Opið hús: Börnin koma fram og afrakstur listavikunnar og vetrarins er sýndur.



Sveitaferð er farin í maí og er fjölskyldum barnanna boðið að koma með.

Útskriftarferð Gullmola er farin í maí.

Útskriftarhátíð er í maí og þá bjóða Gullmolarnir fjölskyldum sínum í skólann.



Sumarhátíð: Útihátíð þar sem kennarar, börn og forráðamenn skemmta sér saman.

Smárinn/Fífan: Elstu árgangarnir fara vikulega í leikfimi í Smárann og Fífuna. Yngstu árgangarnir fá skipulagða hreyfingu vikulega í leikskólanum.



Litadagar: Fyrsta föstudag í mánuði er alltaf litadagur og þá mega börnin mæta í einhverju eða með eitthvað sem er í þeim lit.

Gullsmári: Annan hvern föstudag yfir vetrartímamann heimsækja börnin eldri borgara í Gullsmára og taka þátt í söngstund með þeim.



Gaman saman er alla föstudaga og þá hittast börn og kennarar skólans í salnum. Deildirnar skiptast á að skipuleggja skemmtilegar uppákomur. Börnin þjálfast þannig í að koma fram.

Opið flæði er alla föstudaga og geta börnin þá leikið sér hvar sem er, inni og úti.



Afmæli barnanna: Í Arnarsmára er ávallt flaggað fyrir afmælisbörnum og þau búa sér til kórónu. Börnin velja hvar þau halda afmælisveisluna og fá að bjóða börnunum á deildinni sinni upp á ávexti. Afmælissöngurinn er sunginn fyrir barnið, bæði á afmælisdaginn sjálfan og í næsta gamana saman.



Hagnýtar upplýsingar

Óhöpp, slys og veikindi

Börn í leikskólum Kópavogsbæjar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi, eða veikist, er haft samband við forráðamenn. Þess vegna er mikilvægt að allar upplýsingar um símanúmer séu réttar. Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins eða á öðru sem það hefur með sér í leikskólann.



Ef barnið þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfinni þannig að lyfin séu gefin heima, en ekki í leikskólanum nema það sé óhjákvæmilegt.

Ætlast er til að börnin taki þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum alla daga, inni og úti. Ef forráðamenn telja nauðsynlegt að barnið sé inni eftir veikindi er bent á að hringja í skólann áður en komið er og athugað hvort hægt sé að koma því við. Fjarveru barna á að tilkynna.



Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Forráðamönnum er skylt að tilkynna leikskóla breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu. Einnig er mikilvægt að forráðamenn láti deildarstjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.



Upplýsingaflæði

Upplýsingar um starfið í skólanum má nálgast á heimasíðu skólans sem er á slóðinni:

<http://arnarsmari.kopavogur.is>

Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem viðkoma öllu því er tengist starfinu s.s. námskrána og starfsáætlunina. Þar er líka hægt að

nálgast nýjustu fréttir og tilkynningar um komandi viðburði. Vikulega senda deildarstjórar forráðamönnum tölvupóst þar sem fram kemur það helsta sem hefur staðið upp úr þá vikuna í máli og myndum.

Á upplýsingatöflum í fataherbergjum koma einnig fram upplýsingar sem og í daglegum samskiptum við kennarana.

Í upphafi hvers skólaárs er gefið út skóladagatal þar sem koma fram atburðir, uppákomur, hefðir o.fl. sem er að gerast á skólaárinu. Skóladagatalið er birt á heimasíðunni



Samvinna við forráðamenn

Góð samvinna forráðamanna og kennara er forsenda fyrir góðri líðan barnsins og árangursríkri dvöl þess í leikskólanum.

Forráðamönnum er boðið upp á samtál tvisvar á ári eða oftar ef þörf krefur. Í samtölunum gefst tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.

Foreldrafundur með öllum foreldrum/forráðamönnum er haldinn að hausti og þar er starfið kynnt.



Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er meginmarkmið félagsins að styðja og styrkja það uppeldisstarf sem unnið er í leikskólanum. Forráðamenn greiða ákveðna upphæð í sérstakan sjóð sem notaður er til að auðga starfið t.d. með ferðum og leiksýningum.

Foreldraráð er skv.lögum starfandi við leikskólann og er hlutverk þess að fylgjast með ýmsu því sem viðkemur starfsemi leikskólans. Forráðamenn eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins og foreldraráðsins.

Aðlögun milli deilda

Kennarar sjá alfarið um aðlögunina og gefa forráðamönnum upplýsingar um gang mála. Æskilegt er að forráðamenn gefi sér tíma til að kynnst kennurum og starfsemi nýju deildarinnar.



Sumarleyfislokun

Leikskólinn er lokaður í fjórar vikur vegna sumarleyfa. Þær eru valdar af forráðamönnum og kennurum sem kjósa um þrjú tímabil sem koma til greina. Lokað er kl. 13:00 síðasta dag fyrir sumarleyfi og opnað kl. 13:00 fyrsta dag eftir sumarleyfislokun.



Skipulagsdagar

Skipulags- og námskeiðsdagar (5 á ári) eru nýttir til námskeiða, fyrirlestra, skipulags, undirbúnings og endurmats á starfinu. Leikskólinn er lokaður á þessum dögum og eru þeir auglýstir með góðum fyrirvara.

Rauðir dagar

- Frídagur verslunarmanna
- Jól: Lokað er á aðfangadag, jóladag og annan í jólum. Einnig gamlársdag og nýársdag
- Páskar: Lokað er á skírdag, föstudaginn langa og annan í páskum
- Sumardagurinn fyrsti
- Verkalýðsdagurinn
- Uppstigningardagur
- Annar í hvítasunnu
- 17. júní



Að lokum

Í þessum kynningarbæklingi eru þær upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir forráðamenn í upphafi leikskóladvalar.

Hér er stiklað á stóru í umfjöllun um starfsemi leikskólans og því er nauðsynlegt að allir skoði skólanámskrá Arnarsmára sem er á heimasíðunni. Vonandi verður leikskóladvölin sem ánægjulegust og samstarf heimilis og skóla gott.

